

UNDIRBÚNINGUR RÝNIFUNDA

33. Framlagsmál

Yfirlit yfir sjónarmið sem taka þarf tillit til vegna sérstöðu Íslands

Kafla 33 fjallar um fjárlög ESB og þau fjárframlög (eigin tekjur) sem einstök aðildarríki þurfa að reiða af hendi til sambandsins til að standa straum af útgjöldum þess. Flestum þeim gerðum sem hér falla undir er ætlað að tryggja að fyrir hendi sé stjórnsýsla og regluverk þannig að útreikningar og reikningsskil sem fjárframlög til ESB byggja á séu réttir og að samræmi sé á milli aðildarríkjanna. Þá þarf einnig að gæta að því að innheimta tilheyrandi gjalda, útgreiðslur og meðhöndlun eigin tekna uppfylli kröfur sambandsins.

Mikilvægustu gerðirnar í kafla 33 fjalla um fjárframlög aðildarríkjanna til ESB, en um þau gilda mjög fastmótaðar reglur. Regluverk sambandsins á því sviði er í flestum tilvikum bindandi án lögfestingar (26 reglugerðir, aðeins ein tilskipun).

Fjárframlög aðildarríkjanna eða eigin tekjur sambandsins eru þríþættar. Í fyrsta lagi er um að ræða tolla og aðflutningsgjöld af innflutningi frá ríkjum utan ESB (þar með talið gjald vegna sykurframleiðslu innan sambandsins). Í öðru lagi fær ESB fjárframlag sem reiknast sem tiltekið hlutfall af virðisaukaskattsstofni aðildarríkis. Í þriðja lagi og það sem þyngst vegur er fjárframlag sem reiknast sem tiltekið hlutfall af vergum þjóðartekjum hvers aðildarríkis. Skv. ákvörðun ráðsins nr. 436/2007 mega heildarfjárframlög aðildarríkja (eigin tekjur ESB) ekki fara umfram 1,23% af heildarþjóðartekjum allra aðildarríkja ESB.

Lagt hefur verið lauslegt mat á framlag Íslands til sambandsins komi til aðildar miðað við tölur ársins 2009 og þær framlagsreglur sem í gildi voru gagnvart aðildarríkjum ESB á því ári. Samkvæmt því mati hefði framlag Íslands árið 2009 verið 14,88 mia.kr. eða 1,22% af þjóðartekjum það árið. Innifalið í þeirri tölu eru ýmsar leiðréttingar, sem nema samanlagt 1,87 mia.kr. Af leiðréttingum frátöldum skiptast fjárlögin þannig að 2,8 mia.kr. eru tollar, 1,6 mia.kr hlutfall af vsk-stofni og 8,6 mia.kr. sem hlutfall af þjóðartekjum. Í þessu sambandi má nefna að framlög og rekstrarkostnaður Íslands vegna EES-samningsins nema um 3,5 miö.kr. samkvæmt fjárlögum ársins 2010, en þau munu falla niður við aðild. Sama gildir um þau framlög sem Ísland nýtur, t.d. í formi rannsóknarstyrkja, á grundvelli EES-samningsins.

Þegar þessar tölur eru skoðaðar er nauðsynlegt að hafa í huga að meginhluti þessara fjárframlaga mun skila sér til baka í formi framlaga til landbúnaðar og til verkefna sem snúa að dreifbýlisþróun, atvinnu- og byggðapróun og rannsóknum. Eins og fram kemur í skýrslu Evrópunefndar frá 2007¹ er nettóframlag vel stæðra ríkja almennt hærra en þeirra er lakar standa

¹ Tengsl Íslands og Evrópusambandsins. Skýrsla Evrópunefndar um samstarfið á vettvangi EES og Schengen og um álitaeftni varðandi hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu. Forsætisráðuneyti, mars 2007.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

þar sem samstarf ESB-ríkja snýst að mörgu leyti um samtryggingu. Ýmsum vandkvæðum er bundið að meta raunkostnað við aðild að ESB, enda verður niðurstaða varðandi marga þætti á tekjuhlið ekki ljós fyrr en að loknum samningum. Sem dæmi má taka Finnland sem skv. ofangreindri skýrslu er með neikvæðan greiðslujöfnuð gagnvart ESB, eða sem nemur 0,25%² af vergum þjóðartekjum. Sé það hlutfall notað fyrir Ísland yrðu nettógreiðslur við aðild rúmlega 3 milljarðar króna miðað við árið 2009. Rétt er þó að ítreka að hér er einungis verið að taka dæmi, þar sem engin leið að er að segja til um hina endanlegu útkomu á þessu stigi.

EES-undanþágur, aðlaganir og sérlausnir sem forsendur eru til að halda komi til aðildar
Á ekki við.

Annað sem semja þarf um

Svo virðist sem áætlað hlutfall fjárframlagsins af þjóðartekjum sé nokkuð yfir meðaltali ESB-ríkjanna 27 og þarf að hafa það í huga þegar til viðræðna kemur. Á árinu 2009 er hlutfall eigin tekna ESB af heildarþjóðtekjum allra aðildaríkjanna 1,16%. Áætlað hlutfall Íslands er hins vegar 1,22%.

Annað sem rétt er að vekja athygli á

Sérlausnir á grundvelli fordæma frá öðrum ríkjum, einkum er varðar hlutfall af virðisaukaskattsstofni.

² Um er að ræða meðaltal áætlaðs greiðslujöfnuðar Finnlands fyrir árin 2008-2013.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Greinargerðir til aðalsamninganefndar um yfirferð rýniblaða í samningahópum

33. kafli Framlagsmál

(e. 01.60 Financial and budgetary provisions)

01 General, financial and institutional matters

Tímasetning skoðunar febrúar - júní

Samantekt

Greinargerðin hefur að geyma yfirlit og athugasemdir vegna gerða er falla undir kafla 33 um framlagsmál. Kaflanum tilheyra 234 gerðir sem rýndar hafa verið og þar af eru 175 ákvarðanir, 26 reglugerðir, 14 samþykktir/ályktanir, 1 tilskipun og 14 gerðir sem flokkast undir annað (í flestum tilfellum skýrslur). Rýnihópur að kafla 33 setur fram 10 gerðir sem gætu þurft frekari skoðunar við og mögulega þarf að breyta íslenskum lögum og reglugerðum vegna 7 þeirra. Þessar gerðir eru tilgreindar hér að neðan. Annars er stór hluti þeirra gerða sem tilheyra kafla 33, ákvarðanir er varða útgjöld, útgjaldaramma og ábyrgð fjármuna og fjárlaga tiltekins árs sem liðið er og því ekki um að ræða ákvæði sem krefst lagabreytinga eða undirbúnings hér á landi.

Efni kafla

Í kafla 33 eru settar fram gerðir er varða fjárlög og fjárframlög til ESB (eigin tekjur) sem nauðsynleg eru til að standa straum af útgjöldum sambandsins. Ákvæðum kaflans er ætlað að tryggja að fyrir hendi sé stjórnýsla og regluverk þannig að útreikningar og reikningskil sem fjárframlög til sambandsins byggja á séu réttir og að samræmi sé á milli aðildarríkjana. Ákvæðum kaflans er einnig ætlað að tryggja að stofnunarkerfi og regluverk einstakra aðildarlanda sé fyrir hendi þannig að innheimta tilheyrandi gjalda, útgreiðslur og meðhöndlun eigin tekna uppfylli kröfur sambandsins. Lítil hluta gerða í kafla 33 fjallar þó um bein fjárframlög til sambandsins. Flestar gerðir fjalla um mjög afmörkuð efni fyrir einstök aðildarríki eða einstakar stofnanir sambandsins. Algengast er að með þeim sé endanlega verið setja útgjaldaramma einstakra sjóða eða stofnana, skilgreina sérstök framlög einstakra sjóða eða stofnana (t.d. vegna náttúruhamfara) og/eða í einstök verkefni, loka fjárhagsbókhaldi tiltekins árs eða ákveðnum köflum þess, og skilgreina ábyrgð ýmissa aðila á innleiðingu og framkvæmda fjárlaga sambandsins. Töluverður fjöldi gerða fjallar um fjárveitingar úr sjóðum sambandsins til hjálparstarfa eða verkefna á sértækum sviðum og undanþágur og sérstaka aðferðafræði við útreikning VSK fyrir tiltekna vörur eða þjónustu.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Gerðir

Í næstu töflu eru gerðir í kafla 33 flokkaðar eftir tegund.

Tegund gerðar	Fjöldi	Þar af:
Reglugerð	26	
<i>Evrópuþingið</i>		0
<i>Evrópuþingið-Ráðið</i>		1
<i>Ráðið</i>		18
<i>Framkvæmdastjórnin</i>		7
Akvörðun	175	
<i>Evrópuþingið</i>		73
<i>Ráðið</i>		15
<i>Evrópuþingið-Ráðið</i>		25
<i>Framkvæmdastjórnin</i>		56
Tilskipun	1	
<i>Ráðið</i>		1
Samþykkt/ályktun	14	
<i>Ráðið</i>		1
Annað (t.d. skýrslur)	18	
ALLS	234	197

Mikilvægustu gerðir í kafla 33 fjalla um fjárframlög aðildarríkjanna til sambandsins (eigin tekjur ESB), en fastmótaðar reglur gilda um þau. Regluverk ESB á þessu sviði er bindandi án lögfestingar og krefst því ekki frekari lögleiðingar. Þær gerðir sem rýnihópurinn telur mikilvægastar og sem þurfi frekari skoðunar við eru eftirfarandi:

- Reglugerð ráðsins nr. 2988/95 um verndun fjárhagslegra hagsmuna Evrópubandalaganna: *COUNCIL REGULATION (EC, EURATOM) No 2988/95 of 18 December 1995 on the protection of the European Communities financial interests.*
- Reglugerð ráðherraráðsins nr. 2185/96 frá 11. nóvember 1996 varðandi vettvangseftirlit og -skoðanir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir til að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn fjársvikum og öðrum brotum á reglum: *Council Regulation (Euratom, EC) No 2185/96 of 11 November 1996 concerning on-the-spot checks and inspections carried out by the Commission in order to protect the European Communities' financial interests against fraud and other irregularities.*
- 2008/969/EC: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. desember 2008 um viðvörðunarkerfi (e. Early Warning System) til nota fyrir fjármálastjóra framkvæmdastjórnarinnar og framkvæmdastofnananna: *2008/969/EC, Euratom: Commission Decision of 16 December 2008 on the Early Warning System for the use of authorising officers of the Commission and the executive agencies.*
- 88/376/EEC: Ákvörðun ráðsins frá 24. júní 1998 um það hvernig eigin tekjur Evrópubandalagsins eru uppbyggðar: *88/376/EEC, Euratom: Council Decision of 24 June 1988 on the system of the Communities' own resources.*
- 97/245/EC: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. mars 1997 þar sem lagðar eru fram ráðstafanir vegna miðlunar á upplýsingum til framkvæmdastjórnarinnar frá aðildarríkjunum sem ná til eigin tekna ríkjanna: *97/245/EC, Euratom: Commission*

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Decision of 20 March 1997 laying down the arrangements for the transmission of information to the Commission by the Member States under the Communities' own resources system.

- Reglugerð ráðsins (EC, Euratom) nr. 1150/2000 frá 22. maí 2000 um að hrinda í framkvæmd Ákvörðun 94/728/EC, Euratom um kerfi eigin tekna Bandalaganna: *Council Regulation (EC, Euratom) No 1150/2000 of 22 May 2000 implementing Decision 94/728/EC, Euratom on the system of the Communities' own resources.*
- 2007/436/EC, Euratom: Ákvörðun Ráðherraráðsins frá 7 júní 2007 um kerfi eigin tekna Evrópsku Bandalaganna: *2007/436/EC, Euratom: Council Decision of 7 June 2007 on the system of the European Communities' own resources.*

Gerðir sem tilefni er til að skoða án þess að þær kalli á lagabreytingu eru:

- Ákvörðun Ráðsins frá 23. febrúar 2004 um viðmið og hagnýt fyrirkomulag fyrir bótagreiðslur vegna mismunar á kostnaði sem hlýst af beitingu tilskipunar 2001/40/EC um gagnkvæma viðurkenningu ákvarðanna um brottvísun ríkisborgar frá þriðja landi: *2004/191/EC: Council Decision of 23 February 2004 setting out the criteria and practical arrangements for the compensation of the financial imbalances resulting from the application of Directive 2001/40/EC on the mutual recognition of decisions on the expulsion of third-country nationals.*
- Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. febrúar 1997 um skilgreiningu á meðferð tekna af opnum félögum um sameiginlegar fjárfestingar af því er varðar framkvæmd á reglugerð ráðsins nr. 89/130/EES, Euratom um samræmingu á útreikning vergrar landsframleiðslu á markaðs verði: *97/157/EC, Euratom: Commission Decision of 12 February 1997 defining the treatment of the income of undertakings for collective investment (UCIs) for the purpose of the implementation of Council Directive 89/130/EEC, Euratom on the harmonization of the compilation of gross national product at market prices (Text with EEA relevance).*
- 86/198/ECSC: Ráðleggingar framkvæmdastjórnarinnar frá 13. maí 1986 um nýjar ívilnunar aðgerðir vegna skulda sem tengjast framleiðslugjöldum á kol og stál: *86/198/ECSC: Commission Recommendation of 13 May 1986 on the establishment of preferential treatment for debts in respect of levies on the production of coal and steel.*

Áhrif kafla

Fáar gerðir í kafla 33 kalla á lagabreytingar, þar sem flestar fjalla um mjög afmörkuð efni fyrir einstök aðildarríki eða einstakar stofnanir sambandsins eða meðhöndlun tekjustofna í einstökum löndum. Þó er ljóst að mikilvægi kaflans er mikið þar sem fjárframlög Íslands til sambandsins verða ákvörðuð í samræmi við gerðir sem tilheyra kaflanum komi til aðildar. Almennt gildir að regluverk ESB á þessu sviði er bindandi og á Íslandi er regluverk og starfsemi stofnanna með þeim hætti að kröfur ESB um meðhöndlun eigin tekna eru í stórum dráttum uppfylltar, þ.e. starfrækt er virðisaukaskattkerfi, tollar eru lagðir á innflutning, þjóðhagsreikningar og útreikningur á þjóðartekjum er í samræmi við staðla ESA-95 og fjármál ríkisins og fjárlög heyrar undir fjármálaráðuneytið. Þó gæti þurft að setja fastmótaða ramma um rekstur eigin tekjuöflunarkerfa.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Eigin tekjur sambandsins eru þrjúþættar. Í fyrsta lagi er um að ræða tolla og innflutningsgjöld af innflutning frá ríkjum utan ESB (þar með talið gjald vegna sykurframleiðslu innan sambandsins), í öðru lagi fær ESB fjárframlag sem reiknast sem tiltekið hlutfall af virðisaukaskattsstofni aðildarríkjanna og í þriðja lagi er um að ræða fjárframlag sem miðast við vergar þjóðartekjur aðildarlandanna. Lagt hefur verið gróft mat á framlag Íslands til sambandsins komi til aðildar út frá rauntölum ársins 2009 og framlagsforsendum aðildarríkja sambandsins á árinu 2009. Framlag Íslands yrði eftirfarandi:

#	Uppruni framlags	Framlag (i)
1	<u>Tollar og innflutningsgjöld:</u> Ef til aðildar kemur yrði Ísland að taka upp samræmda tollskrá sambandsins, í stað þess að innheimta tolla og innflutningsgjöld skv. eigin tollskrá. Framlag Íslands yrði 75% af þessum gjöldum eins og hjá aðildarríkjum sambandsins, en 25% af gjöldunum halda ríkin til að mæta kostnaði við innheimtu. Á árinu 2009 var stofn vegna tolla og innflutningsgjalda gróflega um 3,68 mia.kr. (þar með innifalið gjald vegna tollkvóta) og 75% af honum er um 2,76 mia.kr.	2,76 mia.kr.
2	<u>Virðisaukaskattsframlag (ii):</u> Almennt gildir að virðisaukaskattframlag er 0,3% af virðisaukaskattstofni, en stofninn getur að hámarki verið 50% af þjóðartekjum. Á árinu 2009 var samræmdur virðisaukaskattstofn á Íslandi 535,3 milljarðar króna, sem er um 40% af þjóðartekjum. Miðað við 0,3% virðisaukaskattframlag hefði framlag Íslands verið 1,61 milljarðar króna á árinu 2009.	1,61 mia.kr.
3	<u>Þjóðartekjuframlag (iii):</u> Mismuni á fjárveitingum sambandsins samkvæmt fjárlögum og mörkuðum tekjum er mætt með framlagi sem tekur mið af þjóðartekjum. Öll ríki greiða þá sama hlutfall af þjóðartekjum og vegna fjárlaga 2009 var hlutfallið 0,7072%. Á árinu 2009 voru þjóðartekjur Íslands 1.221,1 milljarður króna og samkvæmt því hefði þjóðartekjuframlag Íslands verið 8,64 milljarðar króna.	8,64 mia.kr.
4	Aðrar leiðréttingar (iv)	1,87 mia.kr.
	ALLS	14,88 mia.kr.

(i) Samanlagðar eigin tekjur ESB geta að hámarki verið 1,23 % af samanlögðum vergum þjóðartekjum allra aðildarríkja sambandsins.

(ii) Til að lækka fjárframlagsbyrði greiða fjögur ríki lægra hlutfall af virðisaukaskattstofni fyrir tímabilið 2007-2013, þ.e. Austurríki greiðir 0,225%, Þýskaland 0,15%, og Holland og Svíþjóð 0,10%.

(iii) Til að lækka fjárframlagsbyrði fá Svíþjóð og Holland fyrir tímabilið 2007-2013 lækkun á þjóðartekjuframlaginu, en hún nemur 605 m. EUR fyrir Holland og 150 m. EUR fyrir Svíþjóð og er hér miðað við verðlag ársins 2004.

(iv) Þessar leiðréttingar samanstanda annars vegar af sérstakri leiðréttingu á framlagi Bretlands til ESB (svokallað UK-correction ákvæði) og hins vegar af einskiptisleiðréttingu á árinu 2009 vegna áranna 2007 og 2008.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Miðað við útreikningana hér að ofan hefði framlag Íslands árið 2009 verið 14,88 mia.kr., eða 1,22% af þjóðartekjum. Hins vegar er 0,85 mia.kr. sérstök leiðrétting vegna árána 2007 og 2008 sem aðeins er sett fram í fjárlögum ársins 2009. Ef þessi leiðrétting er undanskilin yrði fjárframlag Íslands 14,03 mia.kr. eða um 1,15% af þjóðartekjum og er sú upphæð í samræmi við núverandi reglur sem gilda um fjárframlög einstakra ríkja. Í þessu sambandi má nefna að framlög Íslands vegna EES samningsins nema um 3,5 milljörðum króna samkvæmt fjárlögum 2010, en þau munu falla niður. Sama gildir um þau framlög sem Ísland nýtur, t.d. í formi rannsóknarstyrkja, á grundvelli EES-samningsins.

Hluti þeirra fjárframlaga sem greidd eru til ESB mun skila sér til baka til þjóðarbúsins í formi framlaga til landbúnaðar og til verkefna sem snúa að dreifbýlisþróun, atvinnu- og byggðaðróun og rannsóknum. Eins og fram kemur í skýrslu Evrópunefndar frá 2007³ er nettóframlag vel stæðra ríkja almennt herra en þeirra er lakar standa þar sem samstarf ESB-ríkja snýst að mörgu leyti um samtryggingu. Ýmsum vandkvæðum er bundið að meta raunkostnað við aðild að ESB, enda verður niðurstaða varðandi marga þætti á tekjuhlið ekki ljós fyrr en að loknum samningum. Sem dæmi má taka Finnland sem skv. ofangreindri skýrslu er með neikvæðan greiðslujöfnuð gagnvart ESB, eða sem nemur 0,25%⁴ af vergum þjóðartekjum. Sé það hlutfall notað fyrir Ísland yrðu nettógreiðslur við aðild rúmlega 3 milljarðar króna miðað við árið 2009. Rétt er þó að ítreka að hér er einungis verið að taka dæmi, þar sem engin leið að er að segja til um hina endanlegu útkomu á þessu stigi.

Eins og fram kemur í töflunni hér að ofan hafa fjögur ríki fengið tímabundna lækkun á hlutdeild ESB í virðisaukaskatti fyrir árin 2007-2013 og er mikilvægt að Ísland hafi það í huga þegar viðræður um fjárframlög Íslands hefjast. Einnig er mikilvægt að Ísland hafi í huga að fjögur ríki hafa fengið verulegan afslátt á framlagi vegna Bretlands-leiðréttingar.

Ef Ísland verður aðili að ESB mun Ísland sjálfkrafa verða aðili að Evrópska fjárfestingarbankanum Stofnfé bankans var á árinu 2009 232.393 milljónir EUR og er hlutur hvers lands í samræmi við þjóðartekjur. Ef miðað er við þjóðartekjur Íslendinga á árinu 2009 og meðalgengi EUR gagnvart ISK á árinu eru þjóðartekjur Íslands um 0,0544% af þjóðartekjum aðildarríkjanna. Samkvæmt því yrði hlutur Íslands 126,4 milljónir EUR. Stofnfé bankans byggist á skuldbindingu eða loforði um fjárframlag sem er 95% af stofnfé og inngreiddu stofnfé sem er 5%. Miðað við forsendurnar hér að ofan yrði stofnfé Íslands nálægt 20 mia.kr. og 5% hlutur sem Ísland þyrfti að greiða um 1 mia.kr.

ESB stofnanir og sjóðir sem eiga undir kaflann

European Investment Bank

European Solidarity Fund

European Development Fund

European Globalisation Adjustment Fund

³ Tengsl Íslands og Evrópusambandsins. Skýrsla Evrópunefndar um samstarfið á vettvangi EES og Schengen og um álitaeftni varðandi hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu. Forsætisráðuneyti, mars 2007.

⁴ Um er að ræða meðaltal áætlaðs greiðslujöfnuðar Finnlands fyrir árin 2008-2013.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

European Guarantee Fund
Coal and Steel Research Fund

Sjónarmið sem mikilvægt er að hafa í huga þegar til viðræðna kemur

Sérlausnir og fordæmi frá öðrum ríkjum, einkum er varðar hlutfall af virðisaukaskattsstofni. Jafnframt virðist áætlað hlutfall fjárframlagsins af þjóðartekjum vera nokkuð yfir meðaltali ESB-ríkjanna 27 sem einnig þarf að hafa í huga þegar til viðræðna kemur.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.